

3.

"VĒR HEIÐRUM MINNINGU ÓLAFS THORS -  
OG BIÐJUM GUÐ AÐ BLESSA ÍSLAND"

Sannleikurinn mun gera yður frjálsa.

Pannig talar Drottinn til vor. Sá sem berst fyrir rétti og sannleika er frjáls. Hann getur borið höfuðið hátt.

Guð styrki hvern frækinn og frjálsan mann,  
sem framför sannasta þekkir,  
sem landslyðinn bætir og berst fyrir hann,  
unz bresta þeir síðustu hlekkir.

Frjáls maður sannleikans megin. Að þessu ber að keppa, og þá kallar sannfærður maður á aðra, og sameiginlega er þá hlustað, er sagt er: "Allt sem er satt, allt sem er sómasamlegt, allt sem er rétt, allt sem er hreint, allt sem er elskuvert, allt sem er gott að spurnar, hvað sem er dyggð, og hvāð sem er lofsvert, hugfestið bað."

Á þetta hlustaði Ólafur Thors fyrrum forsetisráðherra. Frjáls í hug og hjarta skipaði hann sér undir merki hins sanna og rétta, og kostaði kapps um að vera hlýðinn því orði er segir: "Astundið sannleikann í kærleika."

Þessu hlýddi Ólafur Thors. Hann sá þetta snemma fyrir sér. Hvar? Heima hjá elskandi foreldrum.

Vér þekkjam sögu Ólafs, og þurfum ekki að spyrja:  
 Hvaðan ertu eða hvar hefir þú verið? En þó er það  
 gagnlegt og var Ólafi ljúft að kannast við, hvaðan  
 hann var kominn, og hvar þetta var fyrir honum brýnt að eiga  
 góða samvisku og örugga sannfæring. Ólafur mundi vel og  
 með þakklátu hjarta foreldranna, sem vöktu í kærleika  
 yfir barnahópnum, og fögur er minningin um hin mætu  
 hjón Thor Jensen og Margrétu Þorbjörðu, sem til hárrar  
 elli lifðu í friðsælu tilhugalífi. Ólafur sá alltaf  
 hamslausan viljakraft föður síns og horfði úm leið á  
 hið trausta bjarg, þar sem móðir hans var. Sjálfur  
 segir Ólafur: "Guð var góður og mikillm úr því hann  
 var betri og traustari en mamma."

Gott var að vera hjá foreldrum í gleði og farsæld, í  
 fátækt og friði, í baráttu og hugrekki, í auðlegð og  
 hátiðabirtu og ávallt í kærleika.

Bessar eru minningarnar, sem tala sitt helga mál. Heima  
 var grundvöllurinn lagður. Í bessu andrúmslofti heilsaði  
 Ólafur børnsku og æsku.

---

Nú hófst starfið. Beita skyldi kröftum vel. Með dugnaði  
 og vitnisburði góðrar samvisku gekk hann að loknu námi að  
 framkvæmdastjórastörfum. En snemma beindist hugur hans  
 að alþjóðamálu, og ungar var hann er stjórnmalin heilluðu  
 hug hans.

Hann sá, hve bjart var yfir Íslandi, og hve indælt að mega  
 starfa umvafinn birtu ættjarðarástar, hve eftirsóknarvert  
 að fá að vera meðal þeirra sem vilja dáð drýgja landinu  
 til heilla.

Draumurinn rættist.

Það byrjaði sem blærinn,  
er bylgjum slær á rein,  
en brýzt nú fram sem stormur,  
svo hriktir í grein.

Er stundir liðu fram kom það skýrt í ljós að það átta  
ekki vel við skapgerð Ólafs að vera í logninu. Vér  
þekkjam vel þessi orð:

"Stríð er starf vort í stundarheimi, berjumst því og  
búumst við betri dögum".

Ég sé starf Ólafs í ljósi þessara orða. Kyrrstaðan hentaði  
honum ekki. Áfram skyldi halda, síg af stigi. Horft var  
á næstu hæð, tindinum var náð. En þá var önnur hæð fram  
undan, og þangað skyldi einnig ná. Hugrakkur horfði hann  
fram á veginn og vildi af heilum hug keppa að markinu.  
Fljótt kom það í ljós, að hann var vel til foringja fallinn,  
enda varð hann hinn athafnamikli vökuður þjóðarinnar.  
Þegar ég hugsa um starf hans, eldmóð og áhuga, eru þessi  
orð í huga mínum:

"Sízt vil ég tala um sýefn við þig".

Hér var sá foringi, er starfaði í anda þessarar áminningar:

"Verið ekki hálfvolgir í áhuganum; verið brennandi í  
andanum".

Hér átti hálfvelgjan ekki heima. Hann lét sér ekki nægja  
hið hálfra, hann kaus sér og öðrum hið heila og ákveðna.  
Dagur var á lofti ognú reið að nota draginn vel, og  
því talaði hann vekjandi hvatningarorð til þjóðarinnar,  
til hinnar uppvaxandi kynslóðar. Sjálfur var hann glað-  
vakandi og taldi sér það hlega skyldu sína ða vekja  
aðra. Vaknið af dvala, því kalli fylgir heilög alvara.

Sjálfsgagt var að beita með drengskap vopnum til sóknar og varnar, og kveinka sér ekki, þó að bлиkaði á vopn úr annarri átt.

Sá, sem er í fylkingarbrjósti, má ekki æðrast, þó að búast megi við bardaga.

Sá sem stýrir skipinu, má ekki missa kjarkinn, þó að öldurnar ýfist. Postulinn segir:

"Svo er um lúðurinn; gefi hann óskilmerkileg hljóð, hver býr sig bá til bardaga?"

a

Ólafur Thors stóð á stjórnpallinum og frá honum barst ekki óskilmerkilegt hljóð. Hann kallaði á aðra með krafti sannferingar.

Þess vegna tala bæði fylgjendur hans og andstæðingar um hinn glæsilega stjórnmálaman, sem um 40 ára skeið hefir átt sæti á löggjafarþingi þjóðarinnar, verið forsetisráðherra í 5 ríkisstjórnum, og auk þess ráðherra í ýmsum ráðuneytum og gegnt mörgum virðingarstöðum. Ávallt var sjálfsgagt að hluðst a og hlýða er foringinn kallaði.

Hvað segja nú vinir hans og flokksbræður, og hvað segja vinir hans sem kusu aðrar leiðir en hann. Hvað segja kjósendur um nærfellt 40 ára starfhans? Hvað segir stjórnarandstaðan?

Það er talað um góðan dreng, er bar hreinan skjöld.

Frá þritugsaldri og fram yfir sjötugt í sífelldu stjórnmála starfi. Hve oft hefur hann gengið inn í Alþingishúsið, hve margar ræður flutt frá því hann byrjaði starf sitt á Alþingi og til 10. október á liðnu hausti, er hann stýrði fundi sem aldursforseti og síðasta ræða hans var helguð minningu forsetafrúr landsins.

Það er í Nýja testamentinu sagt um hundraðshöfðingja einn:

"Hann elskar þjóð voru".

Ég segi: Ólafur Thors elskarði þjóð voru. Honum var eðlilegt að segja: Upp, upp, þú Íslands þjóð með eldhett hjartablóð.

Hjá Ólafi fór saman máttur og mildi. Hann hlustaði er sagt var:

"Vakið, verið karlmannlegir, verið styrkir".

En hann gleymdi aldrei viðbótinni:

"Allt hjá yður sé í kærleika gjört"

Hann átti ríka skapfestu en um leið viðkvæmt hjartalag og var sannur óg heill í vináttu og tryggð. Það er engin vandi að muna hið blíða bros hans. Hið leiftrandi andlit hans gleymist ekki.

Í heilagri ritningu segir svo:

"Að foringjar veitju forystu fyrir það lofið Drottin."

Þetta gerum vér nú í dag.

---

Það vita allir um störf Ólafs og það vissu allir hvar hann átti heima.

Í sálminum sem sunginn verður segir svo:

"Í sanileikanu"

"Í sannleik hvar sem sólin skín er sjálfur Guð að leita þín."

Hvar skein sólin?

Heima hjá Ólafi og Ingibjörgu. Þar veittist þeim báðum og börnum þeirra hún sama blessun 3. desember 1915 var sá dagur er Drottinn gaf þeim. Á þeim degi brúðkaupsdeginum, veittist þeim sú gjöf, sem blessunin hefur fylgt um nærfellt hálfrað aldar skeið. Samhuga með einni sál hafa þau átt sólskinsblettinn í heiði, fagnað var fögrum sólarstundum, og byrðarnar voru bornar sameiginlega og ávallt lagði birtu af tendruðum ljósum kærleikans. Játningin átti heima í helgidómi hjartans: "Gott er okkur hér að vera." Hvar voru ljósin bjartari? Hvar var brosið mildara? Heima var bezt.

Það vissi Ólafur og fann að góð kona er gjöf frá Drottini. Til þeirra beggja náði blessunin, og sameiginlega var í kærleika vakað yfir börnunum, og nú er minningin blesstuð um elskulegan eiginmann, hjartkeraðan föður, tengdaföður og afra. Systkini Ólafs muna þá tíð, er ársól lífsins brann þeim héit á vanga, og frá þeim heimilum þeirra hér og í fjarlægð berast hugheilar þakkarkveðjur fífá hánnum fjölmörgu heimilisvinum, tengdafólki og frændum,

Ég talaði ummátt og mildi. Hér var mildin hið sterka afl. Hér tóku foreldrar á móti gleðinni og sorginni. Þegar þau urðu að kveðja elskoaðan drenginn var sungið "Ahendur fel þú honum" og "Ó þá náð að eiga Jesúm, einkavin í hverri braut." Það fer vel á því að þeir sálmar eru sungnir í dag. Það er samkvæmt hugarfari Ólafs, og áréiðanægra að vilja hans, að bætt er við hýjárssálminum, þar sem beðið er fyrir landi og þjóð.

Ólafur var begar í bernsku og æsku ~~aðilegraðáhrifa~~  
aðnjótandi, og ævi alla var hann auðmjúkur fyrir Guði  
sinum, og treysti Drottni, sem heyrir jafnt stormsins  
hörpuslátt og barnsins andardrátt.

Af alhug bið ég frú Ingibjörgu og Ollum ástvinum  
blessunar Guðs. Frá húsi Drottins blesa ég kæra vini.  
Minninnum svara ég og segi: Miskunnsemd Guðs má ei  
gleyma.

Ég veit, að það er vilji Ólafs, að er vér kveðjum hann hér  
í húsi Drottins nú í ársbyrjun, þá biðjum vér fyrir landi  
og þjóð, og látum þær vora stjórnast af orðum sálmsins:

i hendi Guðs er hver ein tíð,  
i hendi Guðs er allt vort strið,  
hið minnsta happ, hið mesta fár,  
hið mikla djúp, hið litla tár.

i almáttugri hendi hans,  
er hagur þessa kalda lands,  
vor vagga, braut, vor byggð og gröf,  
þótt búum við hin yztu höf.

Ég bið Guð að blesa þá, sem landinu stjórna, ég bið bess  
að blessun og kraftar megi veitast þeim, sem eiga aðráða  
fram úr erfiðum vandamálum þjóð vorri til heilla.

Það er í anda Ólafs, að vér árnum Alþingi blessunar, að  
þar megi sigurbjört sólin lýsa fulltrúum þjóðarinnar á  
sannleiks og réttlætisvegi.

Látum líf vort og starf mótað af þessu orði:  
"Sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa."

Þessi stund skal vera hátið þakklætis og heitstrengingar.  
Hvetjandi orð skulu ná til vakandi og vaknandi þjóðar.

Sú þjóð, sem veit sitt hlutverk,  
er helgast afl um heim,  
eins hátt sem lágt má falla  
fyrir kraftinum þeim.

Afram með dug og dáð. Nú er ratljóst. Heislum birtunni,  
fögnum hækandi sól, og gleðjumst yfir því, að bjart er  
yfir landi voru, og biðjum þess, að Ísland bekki ávallt  
sinn vitjunartíma.

Hlýðum er til vor er kallað:

Fram, Íslands frjálsu menn,  
fram, fram! og allir í senn.  
Tvennt skal fylgjast að í dag

Vér heiðrum minningu Ólafs Thors og biðjum Guð að blesса  
Ísland.

Guð gefi oss öllum gleðilegt ár.

Útfararræða, séra Bjarna Jónssonar, vígslubiskups í  
Dómkirkjunni í Reykjavík, 5. janúar 1965.  
(mbl. 6. janúar 1965).